

Ed.

414. Frumvarp

til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933–35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6–8 árum, og séu vextir 5½%. Vexti og afborganir af lánunum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.